Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Nr. 2024

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Einnig er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna þjónustu sem er í verkahring heilbrigðiseftirlits að veita skv. ofangreindum lögum.

2. gr.

Tímagjald fyrir þjónustu er kr. 21.100.

Gjald fyrir rannsókn á einu sýni skv. eftirlitsáætlun er kr. 29.000.

Gjald vegna heildarefnagreiningar neysluvatns er kr. 290.000.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands sér um innheimtu eftirlitsgjalda vegna reglubundins eftirlits skv. viðauka með gjaldskrá þessari. Þar kemur jafnframt fram áætluð tíðni eftirlits.

Unnt er að sækja um lækkun gjalda ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur rekið vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um. Ef heilbrigðisnefnd fellst á slíka lækkun er henni heimilt að draga úr eftirliti frá sama tíma.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram er heimilt að lækka eftirlitsgjald sem því nemur.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi á einum og sama stað er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

3. gr.

Aðildarsveitarfélögin eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari s.s. vegna útgáfu leyfa og vottorða og vegna eftirlits umfram áætlun auk þjónustuverkefna. Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Fyrir nýtt starfsleyfi eða eftir atvikum móttöku á skráningu greiðast kr. 36.000 umsýslugjald auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á. Heilbrigðisnefnd er jafnframt heimilt að innheimta reiknað tímagjald vegna vinnu við gerð sértækra starfsleyfisskilyrða vegna starfsemi sem fellur undir reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fyrir endurnýjun starfsleyfis greiðast kr. 31.000 auk auglýsingakostnaðar og eftirlitsgjalds ef við á.

Fyrir auglýsingu starfsleyfis á vef heilbrigðiseftirlits greiðast kr 21.100.

Fyrir önnur leyfi s.s. tóbaksleyfisgjöld greiðast kr. 45.000.

Fyrir vottorð og umsagnir skv. fyrirliggjandi gögnum greiðast kr. 35.000.

Fyrir húsnæðisskoðun greiðast kr. 45.000, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands er þó heimilt að lækka eða fella það niður. Fyrir ítarlega húsnæðisskoðunarskýrslu er greitt skv. tímagjaldi.

Fyrir markaðs og götusölu greiðist kr. 35.000, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

Sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35%

umsýslugjaldi og akstursgjaldi skv. útreikningi fjármálaráðuneytis ef ekki er unnt að samnýta ferðina.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í eftirlitsáætlun ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekin í notkun eða vegna kvartana. Nefndin innheimtir þá gjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða..

Starfsemi sem er eftirlitsskyld en er ekki á lista í viðauka greiðir eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

Verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eru gjaldfærð eins og um þjónustuverkefni sé að ræða nema um annað hafi verið samið. Fyrir þjónustuverkefni er rukkað tímagjald.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og XI laga nr. 92/1995 um matvæli með síðari breytingum skal heilbrigðisnefnd innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

4. gr.

Heimilt er að fella starfsleyfi starfsemi úr gildi ef eftirlitsgjöld skv. 2. gr. eru ekki greidd að undangengnum tilhlýðilegum fresti. Séu gjöld skv. 3. gr. ekki greidd fellur starfsleyfið sjálfkrafa úr gildi. Sama á við ef starfsemi hefur ekki hafist einu ári frá útgáfu leyfi og ef starfsemi hefur legið niðri í tvö ár samfellt.

5. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en gjalddagi annarra gjalda útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Heibrigðisnefnd Vesturlands í samræmi við 46 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og 8. gr. tóbaksvarnarlaga nr. 6/2002 með síðari breytingum. Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2025 og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1702/2023 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarna og matvælaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

*Hvalfjarðarsveit xx. xx 2024*
F.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands
**Þorsteinn Narfason,** framkvæmdastjóri.

Viðauki

| **ÍSAT** | **Heiti** | **Tíðni** | **Árlegt eftirlitsgjald** |
|---|---|---|---|
| 90.00.0.6 | Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru | 0,25 | 21.100 |
| 01.24.0.2 | Alifuglar framleiðsla á eggjum | 0,25 | 47.463 |
| 01.24.0.1 | Alifuglarækt minna en 40.000 stæði | 0,5 | 68.575 |
| 52.31.0.0 | Apótek | 0,5 | 36.925 |
| 52.25.0.0 | Áfengisverslun | 0,5 | 47.475 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélags | 0,5 | 36.925 |
| 93.02.0.3 | Baðaðstaða | 1 | 79.125 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 1 | 134.500 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 1 | 152.950 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt | 1 | 213.600 |
| 55.55.0.2 | Bátaafgreiðsla eldsneytis | 0,33 | 38.297 |
| 50.50.0.0 | Bensínstöðvar litlar | 0,5 | 77.800 |
| 50.50.0.1 | Bensínstöðvar stórar | 1 | 162.200 |
| 50.20.0.1 | Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið | 0,5 | 56.700 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 0,5 | 72.525 |
| 50.20.0.4 | Bifreiðaréttingar | 0,5 | 36.925 |
| 50.20.0.3 | Bifreiðasprautun | 0,5 | 47.475 |
| 50.30.0.2 | Bílapartasölur | 1 | 98.900 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð lítil | 1 | 105.500 |
| 15.96.0.1 | Bjórgerð stór | 1 | 126.600 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,25 | 21.100 |
| 50.20.0.6 | Bón- og bílaþvottur, handvirk | 0,25 | 21.100 |
| 50.20.0.5 | Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk | 0,5 | 72.525 |
| 37.20.0.1 | Brennur | 0,5 | 65.938 |
| 85.32.1.1 | Dagforeldri með fleiri en 6 börn | 0,5 | 42.200 |
| 92.34.0.1 | Dansskólar | 0,25 | 18.463 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili | 0,5 | 68.575 |
| 01.42.0.1 | Dýrageymsla | 0,25 | 18.463 |
| 85.20.0.2 | Dýralæknastofa | 0,25 | 21.100 |
| 85.20.0.3 | Dýraspítalar | 0,5 | 52.750 |
| 85.11.3.0 | Endurhæfing | 0,5 | 63.300 |
| 37.20.0.3 | Endurvinnsla seyru | 0,5 | 58.025 |
| 37.20.0.2 | Endurvinnsla úrgangs | 1 | 73.850 |
| 75.23.0.2 | Fangelsi | 0,5 | 79.125 |
| 85.32.4.0 | Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 0,25 | 23.738 |
| 52.23.0.1 | Fiskbúð | 1 | 113.400 |
| 51.17.2.0 | Fiskmarkaður | 1 | 94.950 |
| 63.23.0.1 | Flugvöllur lítill, mengunarvarnaeftirlit | 0,25 | 39.563 |
| 90.00.0.8 | Flutningur úrgangs og sorphirða | 1 | 73.850 |
| 85.14.9.1 | Fótaaðgerðarstofur | 0,5 | 39.563 |
| 80.21.0.1 | Framhalds- og háskólar | 0,5 | 68.575 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 0,5 | 42.200 |
| 20.53.0.0 | Framleiðsla á ilmolíum | 0,25 | 23.738 |
| 10.31.0.0 | Framleiðsla á kartöfluflögum lítil | 1 | 105.500 |
| 15.41.0.1 | Framleiðsla á mjöli/feiti minna en 10 tonn á dag | 1 | 126.600 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 15.20.0.1 | Framleiðsla á tilbúnum réttum | 1 | 123.950 |
| 15.85.0.1 | Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | 73.850 |
| 15.91.0.0 | Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja lítil | 1 | 105.500 |
| 15.98.0.1 | Framleiðsla gosdrykkja og safa | 1 | 126.600 |
| 26.63.0.0 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 0,5 | 52.750 |
| 90.00.0.5 | Fráveita fyrirtækja með eigin hreinsibúnað. | 1 | 126.600 |
| 85.32.3.2 | Frístundaheimili/Félagsmiðstöð/Dægradvöl | 0,5 | 42.200 |
| 24.20.0.1 | Garðaúðun | 0,25 | 21.100 |
| 90.00.0.7 | Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 0,5 | 36.925 |
| 90.00.1.9 | Gámastöð | 0,5 | 47.475 |
| 63.21.0.3 | Geymsla hættulegra efna / meðhöndlun á asbesti | 0,25 | 23.738 |
| 63.21.0.2 | Geymsla hættulegra efna /meðhöndlun á sementi | 1 | 147.700 |
| 50.30.0.1 | Geymslusvæði | 0,5 | 58.025 |
| 55.12.0.2 | Gististaður 17-50 manns | 0,33 | 34.815 |
| 55.12.0.3 | Gististaður fleiri en 50 manns | 0,5 | 58.025 |
| 55.12.0.1 | Gististaður fyrir 16 manns eða færri | 0,25 | 23.738 |
| 80.10.0.1 | Grunnskólar | 0,5 | 68.575 |
| 15.20.5.0 | Harðfiskverkun | 0,25 | 26.375 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslustofur | 0,25 | 26.375 |
| 51.31.0.1 | Heildverslun litil | 0,5 | 36.925 |
| 51.31.0.2 | Heildverslun miðlungs | 0,5 | 79.125 |
| 51.31.0.3 | Heildverslun stór | 1 | 263.750 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar | 0,25 | 29.013 |
| 85.31.4.0 | Heimili fyrir fatlaða lítið | 0,25 | 26.375 |
| 85.31.4.3 | Heimili fyrir fatlaða, stórt | 0,5 | 73.850 |
| 15.20.4.1 | Heitloftsþurrkun fiskafurða | 1 | 155.600 |
| 40.10.0.2 | Hitaveita úr lághita | 0,25 | 31.650 |
| 50.20.0.10 | Hjólbarðaverkstæði | 0,5 | 56.700 |
| 85.14.9.4 | Húðflúr-stofur | 1 | 84.400 |
| 85.14.9.5 | Húðgötun | 0,5 | 42.200 |
| 15.52.0.0 | Ísgerð | 1 | 131.850 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 0,5 | 42.200 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 0,5 | 52.750 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 126.600 |
| 92.61.0.8 | Íþróttavellir | 0,25 | 18.463 |
| 37.20.0.4 | Jarðboranir | 1 | 73.850 |
| 85.14.9.3 | Jóga-stofur, heilun o.fl. | 0,25 | 21.100 |
| 55.40.0.0 | Kaffihús eða krá lítil | 0,5 | 52.750 |
| 55.40.0.2 | Kaffihús eða krá stór | 1 | 126.600 |
| 55.40.0.1 | Kaffihús eða krá miðlungs | 1 | 84.400 |
| 92.62.2.0 | Kappaksturs og æfingabraut | 0,5 | 47.475 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 0,25 | 21.100 |
| 85.14.9.2 | Kírópraktor | 0,25 | 21.100 |
| 15.13.0.4 | Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 1 | 116.050 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 94.950 |
| 92.13.0.1 | Kvikmyndahús | 0,5 | 52.750 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar | 0,5 | 79.125 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 0,5 | 42.200 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 93.04.0.3 | Líkamsræktarstöðvar, stórar | 1 | 105.500 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú | 0,5 | 58.025 |
| 85.12.2.1 | Læknastofur án aðgerðarýmis | 0,25 | 21.100 |
| 14.21.0.0 | Malar- og sandnám; vikurnám | 0,25 | 29.013 |
| 52.62.0.1 | Markaður lítill | 0,5 | 52.750 |
| 52.62.0.2 | Markaður miðlungs | 1 | 105.500 |
| 52.62.0.3 | Markaður stór | 2 | 211.000 |
| 55.52.0.0 | Matarsmiðja með deilieldhúsi | 0,5 | 42.200 |
| 55.30.1.1 | Matsölustaðir 16 manns og færri | 1 | 84.400 |
| 55.30.1.2 | Matsölustaðir 17-50 manns | 1 | 116.050 |
| 55.30.1.3 | Matsölustaðir fyrir 50 manns og fleiri | 1 | 126.600 |
| 55.30.1.7 | Matsöluvagn lítill | 1 | 63.300 |
| 55.30.1.8 | Matsöluvagn stór | 1 | 84.400 |
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun, lítil | 1 | 123.950 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun, miðlungs | 1 | 163.500 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun, stór | 1 | 224.150 |
| 35.11.0.1 | Málmsmiðja | 0,5 | 52.750 |
| 85.31.5.2 | Meðferðarstofnun | 0,25 | 39.563 |
| 20.20.0.2 | Meindýravarnir | 0,25 | 23.738 |
| 15.20.7.1 | Mjölvinnsla | 1 | 123.950 |
| 51.57.0.1 | Móttaka á drykkjarumbúðum til endurvinnslu | 0,25 | 18.463 |
| 51.57.0.3 | Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 0,5 | 79.125 |
| 51.57.0.2 | Móttaka brotamálms | 1 | 137.150 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 1 | 84.400 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 1 | 116.050 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 1 | 137.150 |
| 55.51.0.4 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 0,5 | 42.200 |
| 55.51.0.5 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs | 1 | 84.400 |
| 55.51.0.6 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt | 1 | 105.500 |
| 14.30.0.0 | Námur | 0,33 | 38.297 |
| 55.55.0.3 | Neyslugeymir fyrir olíu | 0,33 | 24.371 |
| 45.11.0.1 | Niðurrif húsa og annarra mannvirkja umfang lítið | 0,5 | 42.200 |
| 45.11.0.2 | Niðurrif húsa og annarra mannvirkja umfang mikið | 1 | 126.600 |
| 15.20.8.0 | Niðursuðuverksmiðja | 0,5 | 52.750 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 0,25 | 23.738 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar og malbikunarstöðvar með færanlega starfsemi | 1 | 84.400 |
| 55.55.0.4 | Olíutankur | 0,33 | 38.297 |
| 85.32.2.3 | Opin leiksvæði | 0,5 | 42.200 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður | 0,5 | 63.300 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður | 0,25 | 29.013 |
| 85.14.9.6 | Rannsóknarstofur | 0,5 | 34.288 |
| 92.62.0.1 | Reiðhöll | 0,25 | 21.100 |
| 92.72.0.1 | Reiðskólar og hestaleigur | 0,33 | 27.852 |
| 50.20.0.8 | Ryðvarnarverkstæði | 1 | 84.400 |
| 01.12.1.0 | Ræktun og pökkun grænmetis | 0,25 | 38.238 |
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | 84.400 |
| 55.52.0.2 | Sala á tilbúnum mat, miðlungs | 1 | 116.050 |
| 55.52.0.3 | Sala á tilbúnum mat, stór | 2 | 232.100 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 52.11.3.3 | Sala á tóbaki | 0,5 | 42.200 |
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 1 | 145.050 |
| 55.40.0.3 | Samkomustaður lítill | 0,25 | 21.100 |
| 55.40.0.4 | Samkomustaður miðlungs | 0,5 | 52.750 |
| 55.40.0.5 | Samkomustaður stór | 1 | 105.500 |
| 58.51.3.9 | Sandblástur | 0,5 | 36.925 |
| 85.11.1.2 | Sjúkrahús | 1 | 116.050 |
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,25 | 21.100 |
| 75.23.0.1 | Skammtímavistun fanga | 0,5 | 36.925 |
| 93.02.0.9 | Skemmti og þemagarður | 1 | 79.125 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir | 1 | 105.500 |
| 92.72.0.2 | Skotvellir | 0,33 | 27.852 |
| 90.00.0.4 | Skólphreinsistöðvar hreinsistöð 50-3000 p.e. afrennsli í ferskvatn | 0,5 | 92.300 |
| 90.00.0.3 | Skólphreinsistöðvar/fráveitur 10.000-50.000 p.e. og afrennsli til strandsjávar | 2 | 574.900 |
| 90.00.0.2 | Skólphreinsistöðvar/fráveitur 2.000-10.000 p.e. og afrennsli til strandsjávar | 2 | 532.700 |
| 90.00.0.1 | Skólphreinsistöðvar/fráveitur 50-2000 p.e. og afrennsli til strandsjávar | 1 | 213.600 |
| 90.00.0.0 | Skólphreinsun, litlar fráveitur 1-50 p.e | 0,25 | 21.100 |
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | 19.781 |
| 15.11.0.2 | Sláturhús minna 1 tonn á dag, örsláturhús | 0,5 | 36.925 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús minna en 50 tonn á dag | 1 | 116.050 |
| 45.11.0.3 | Slippur | 0,5 | 79.125 |
| 15.20.0.2 | Smáframleiðsla matvæla | 0,25 | 31.650 |
| 50.20.0.7 | Smurstöðvar | 0,5 | 61.975 |
| 97.00.0.2 | Snyrtihús á ferðamannastöðum og önnur almenningssalerni | 0,5 | 36.925 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,25 | 23.738 |
| 24.52.0.1 | Snyrtivöruframleiðsla lítil | 0,25 | 29.013 |
| 24.52.0.2 | Snyrtivöruframleiðsla miðlungs | 0,25 | 39.563 |
| 24.52.0.3 | Snyrtivöruframleiðsla stór | 0,5 | 100.225 |
| 93.04.0.8 | Sólbaðstofur | 0,5 | 42.200 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar | 0,25 | 31.650 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir | 0,25 | 23.738 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 0,5 | 89.675 |
| 52.11.1.1 | Stórmarkaðir án matvælavinnslu | 1 | 221.500 |
| 52.11.1.2 | Stórmarkaðir með matvælavinnslu | 2 | 385.000 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð lítil | 0,25 | 21.100 |
| 15.33.0.4 | Sultu- og ávaxtagrautargerð stór | 0,5 | 76.475 |
| 92.61.0.1 | Sund- og baðstaður, litill | 1 | 160.850 |
| 92.61.0.2 | Sund og baðstaður, miðlungs | 2 | 311.690 |
| 92.61.0.3 | Sund- og baðstaður, stór | 3 | 574.850 |
| 15.84.0.1 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 105.500 |
| 01.12.1.2 | Svepparækt | 0,25 | 23.738 |
| 01.23.0.1 | Svínabú minna en 2000 stæði fyrir alísvín eða færri en 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 126.600 |
| 52.11.3.2 | Söluturn | 1 | 84.400 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,5 | 47.475 |
| 15.86.0.0 | Te- og kaffiframleiðsla | 1 | 73.850 |
| 55.22.0.2 | Tjald- og gistivagnastæði miðlungs | 0,33 | 36.556 |
| 55.22.0.3 | Tjald- og gistivagnastæði stórt | 0,5 | 60.663 |
| 55.22.0.1 | Tjald- og gistivagnastæði lítið | 0,25 | 26.375 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,25 | 21.100 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði | 0,25 | 21.100 |
| 80.10.0.6 | Útihátíðar | 1 | 116.050 |
| 41.00.0.1 | Vatnsveitur færri en 151 neytendur/matvælaframleiðendur | 0,5 | 81.750 |
| 41.00.0.4 | Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa | 4 | 524.800 |
| 41.00.0.2 | Vatnsveitur 151-500 íbúa | 1 | 113.400 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa | 5 | 677.750 |
| 41.00.0.3 | Vatnsveitur 501-1.000 íbúa | 1 | 200.400 |
| 41.00.0.10 | Vatnsveitur sýnatökugjald | | 29.000 |
| 41.00.0.0 | Vatnsveitur til einkanota | 0,5 | 68.563 |
| 26.82.9.2 | Verkstæðisaðstaða verktaka | 0,5 | 68.575 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | 36.925 |
| 50.20.0.9 | Viðgerðaraðstaða eigin véla | 0,5 | 31.650 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á ferskum fiski | 0,5 | 47.475 |
| 25.21.0.2 | Vinnsla með plast- og frauðefni | 0,5 | 39.563 |
| 15.31.0.0 | Vinnsla og pökkun á grænmeti | 0,5 | 42.200 |
| 55.52.0.9 | Vinnsla þörunga | 1 | 84.400 |
| 40.10.0.3 | Virkjanir 2MW-50 MW | 0,5 | 47.475 |
| 63.21.0.4 | Vörugeymslur og flutningamiðstöðvar litlar | 0,5 | 42.200 |
| 63.21.0.1 | Vörugeymslur og flutningamiðstöðvar stórar | 1 | 94.950 |
| 85.31.3.0 | Þjónustumiðstöð fyrir eldriborgara | 0,5 | 42.200 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 47.475 |
| 80.42.9.0 | Önnur ótalin fræðslustarfsemi | 0,25 | 23.738 |
| 52.27.0.0 | Önnur smásala á matvöru og drykkjarvöru í sérverslunum | 0,5 | 47.475 |